



Miðstjórn Sjálfstæðisflokkssins 1940 – 1970, 2. hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Miðstjórn Sjálfstæðisflokkssins – Bæklingar, skýrslur o.fl. 1940-1970
– Skýrsla til trúnaðarmanna 1957 um störf Alþingis og helstu mál þingsins

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnsmálamaðurinn
Askja 2-40, Örk 2



SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

Reykjavík 10. janúar 1970.

Miðstjórn hefir ákveðið að efna til ráðstefnu um sveitarstjórnarmál dagana 31. janúar og 1. febrúar 1970. Ráðstefnan verður haldin í Sigtúni við Austurvöll í Reykjavík og hefst laugardaginn 31. janúar kl. 9.30.

Ráðstefnu þessari er settlað að undirbúa sveitarstjórnarkosningarnar á næsta ári með því að skýra stefnu og markmið flokksins í sveitarstjórnarmálum og skipuleggja baráttu flokksins í þeim.

Til ráðstefnunnar eru boðaðir allir Sjálfstæðismenn, sem eiga sæti í sveitarstjórnnum landsins. Ef forföll hamla einhverjum, er þess vænzt, að varamáður hans í sveitarstjórninni komi í hans stað. Ennfremur eru flokksráðsmenn boðaðir til ráðstefnunnar.

Með tilvísun til framanritaðs er fundarboð þetta sent þér í von um, að þú sjáir þér fært að sækja ráðstefnuna.

Þess er vinsamlega farið á leit, að pátttaka í ráðstefnunni sé tilkynnt aðalskrifstofu flokksins sem fyrst.

Hér með fylgir dagskrá ráðstefnunnar.

Með vinsemdu og virðingu

f.h. Miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins

Bjarni Benediktsson



Ráðstefna Sjálfstæðisflokkssins um sveitarstjórnarmál

i Sigtúni við Austurvöll i Reykjavík 31. janúar—1. febrúar 1970

31. jan. 1970.

DAGSKRÁ:

31. janúar, Laugardagur:

Kl. 9:30—12:00 Fundarsetning.

Ræða formanns Sjálfstæðisflokkssins, dr. Bjarna Benediktssonar, forsetisráðherra.

Ræða Geirs Hallgrímssonar, borgarstjóra, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Ræða Ólafs G. Einarssonar, sveitarstjóra, um fjármál sveitarfélaga.

Ræða Birgis Ísl. Gunnarssonar, borgarfulltrúa, um þátttöku sveitarfélaga í atvinnurekstri.

Ræða Lárusar Jónssonar, vðiskipafræðings, um byggðaþróun.

Kl. 14:00—18:00 Umræðuhópar starfa.

1. febrúar, sunnudagur:

Kl. 10:00—12:00 Álit umræðuhópa — umræður.

Kl. 14:00 Ræða framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokkssins, Þorvaldar Garðars Kristjánssonar, um undirbúning og framkvæmd sveitarstjórnarkosninga.

Almennar umræður um sveitarstjórnarmál.

Fundarslit.



Kl. 17:00—19:00 Síðdegisboð miðstjórnar fyrir fulltrúa ráðstefnunnar.

FULLTRÚARAD SJÁLFSTÆDISFELAGANNA Í REYKJAVÍK
Skrifstofa: Valhöll v/Suðurgötu
Símar: 17100 - 18192.

13. jan. 1970.


Til: Fulltrúaráðsmanna
Frá: Stjórn Fulltrúaráðsins
Efni: Kosning kjörnefndar

Eins og fulltrúum mun vera kunnugt var með bréfi dags.
4. desember s.l. lýst eftir framboðum til kjörnefndar v/framboðslista Sjálfstædisflokkssins fyrir borgarstjórnarkosningar í Reykjavík í maí n.k. Rann framboðsfrestur úr þann 13. des. og höfðu þá borizt 15 framboð í þau 9 kjörnefndarsæti, sem Fulltrúaráðið á að kjósa í með bréflegri kosningu.

Meðfylgjandi bréfi þessu sendum við atkvæðaseðil með nöfnum þeirra manna sem í kjöri eru og skal krossað fyrir framan nöfn þeirra 9 manna, sem viðkomandi óska eftir að taki sæti í kjörnefnd. Sérstök athygli er vakin á því að atkvæðaseðill telst ógildur ef merkt er við færri nöfn en 7 eða öðrum nöfnum bætt á atkvæðaseðilinn.

Kosningu lýkur á hádegi laugardagsins 24. janúar og skulu fulltrúar skila atkvæðaseðlum sínum persónulega (skv. ákvæði í reglugerð um kjörnefndarkosningu) í innsiglaðan kjörkassa á skrifstofu Fulltrúaráðsins í Valhöll v/Suðurgötu á venjulegum skrifstofutíma. Miðvikudag 21. jan. til föstudags 23. jan. verður skrifstofan opin til kl. 7 e.h. v/móttöku atkvæðaseðla. Hamli veikindi Fulltrúaráðsmanni að skila atkvæðaseðli sínum persónulega er trúnaðarmanni kosningarstjórnar heimilt að láta sækja seðilinn. Ber fulltrúum í slíkum tilvikum að hafa samband við skrifstofu ráðsins í Valhöll.

Er það eindregin hvatning stjórnar Fulltrúaráðsins að fulltrúar taki almennan þátt í kosningu kjörnefndar minnugir hins veigamikla hlutverks nefndarinnar, og hinnar afdrifaríku baráttu sem framundan er

f.h. stjórnar Fulltrúaráðsins

Hörður Einarsson, formaður.



21/70

Frá framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokkssins
Lendi tillogin um dagsmá
ráðstefnuma um sveitar-
stjórnarmál. Kefi einn-
hárd mið þing á földagnum
um miðað. Útgerð fyrir
Porvaldar Garðar

lfstæðisflokkssins
rstjörnarmál
sturvöll í Reykjavík
1. febrúar 1970

S K R Á

31. janúar, laugardagur:

Kl. 9,30-12,00 Fundarsetning.

Ræða formanns Sjálfstæðisflokkssins,
dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra.

Ræða Geirs Hallgrímssonar, borgarstjóra
um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Ræða Ólafs G. Einarssonar, sveitarstjóra
um fjármál sveitarfélaga.

Ræða Birgis Ísl. Gunnarssonar, borgarfulltrúa,
um þátttöku sveitarfélaga í atvinnurekstri.

Ræða Lárusar Jónssonar, viðskiptafr. um byggðapróun.

Kl. 14,00-18,00 Umræðuhópar starfa.

1. febrúar, sunnudagur:

Kl. 10,00-12,00 Álit umræðuhópa - umræður.

Kl. 14,00 Ræða framkvæmdarstjóra Sjálfstæðisflokkssins,
Porvaldar Garðars Kristjánssonar, um undirbuning
og framkvæmd sveitarstjórnarkosninga.

Almennar umræður um sveitarstjórnarmál.

Fundarslit.

— —

Kl. 17,00-19,00 Siðdegisboð miðstjórnar fyrir fulltrúa
ráðstefnunnar.

Ráðstefna Sjálfstæðisflokkssins
um sveitarstjórnarmál
í Sigtúni við Austurvöll í Reykjavík
31. janúar - 1. febrúar 1970

D A G S K R Á

31. janúar, laugardagur:

Kl. 9,30-12,00 Fundarsetning.

Ræða formanns Sjálfstæðisflokkssins,
dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra.

Ræða Geirs Hallgrímssonar, borgarstjóra
um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Ræða Ólafs G. Einarssonar, sveitarstjóra
um fjármál sveitarfélaga.

Ræða Birgis Ísl. Gunnarssonar, borgarfulltrúa,
um þátttöku sveitarfélaga í atvinnurekstri.

Ræða Lárusar Jónssonar, viðskiptafr. um byggðaþróun.

Kl. 14,00-18,00 Umræðuhópar starfa.

1. febrúar, sunnudagur:

Kl. 10,00-12,00 Álit umræðuhópa - umræður.

Kl. 14,00 Ræða framkvæmdarstjóra Sjálfstæðisflokkssins,
Þorvaldar Garðars Kristjánssonar, um undirbuning
og framkvæmd sveitarstjórnarkosninga.

Almennar umræður um sveitarstjórnarmál.

Fundarslit.

— —

Kl. 17,00-19,00 Siðdegisboð miðstjórnar fyrir fulltrúa
ráðstefnunnar.

Tölulegar upplýsingar um iðnaðinn 1966.

	Vinnuár	Framleiðslu- verðmæti millj. kr.	Vinnslu- virði millj. kr.
<u>Matvælaiðnaður annar en fiskiðnaður og vinnsla landbúnaðarafurða</u>	950	586	252
<u>Drykkjavöruiðnaður</u>	220	123	46
<u>Vefjariðnaður</u>	940	455	177
<u>Skógerð og fataiðnaður</u>	970	350	143
<u>Trjávöruiðnaður</u>	110	57	19
<u>Húsgagna- og innréttningasmíði:</u>	1350	600	290
<u>Pappírsiðnaður</u>	130	106	39
<u>Prentun- og bókaiðnaður (ekki útgáfustarfsemi)</u>	800	364	213
<u>Skinna- og leðuriðnaður</u>	110	36	23
<u>Gumiðnaður</u>	80	70	18
<u>Kemískur iðnaður (ekki fiskiðnaður)</u>	400	368	134
<u>Steinefnaiðnaður</u>	640	318	161
<u>Málmsmiði</u>	2230	970	506
<u>Smíði og viðgerðir rafmagnstækja</u>	340	124	67
<u>Skipasmíði og viðgerðir</u>	550	175	79
<u>Bifreiðasmíði og viðgerðir</u>	1500	519	355

<u>Ymislegur iðnaður</u>	350	195	85
<u>Samtals:</u>	<u>11.670</u>	<u>5.542</u>	<u>2.607</u>

Fiskiðnaður 6500

Vinnsla landbúnaðarafurða 1230

Byggingariðnaður 9350

Húasmiði og viðgerðir 6240

Önnur mannvirkjagerð 3110

Samtals: Iðnaður og byggingar

starfsemi 25.750

Heildarfjöldi vinnuára 1966: 81.500

Hlutdeild iðnaðar alls 31.6%

Hlutdeild iðnaðar annars en fiskiðnaðar í vergri þjóðarframleiðslu 1966:

Heildarverðmæti vergrar þjóðarframleiðslu 19.923 millj. kr.

Hlutdeild iðnaðar (með vinnslu landbúnaðarafurða)

annars en fiskiðnaðar = vinnsluvirði 3.020 millj. kr.

= 15.2%

Uppruni vinnsluvirðis 1966 lauslega áætlað:

Vinnulaun 2.275 millj. kr.

Skattar 200 " "

Vextir af lánsfé 300 " "

Til afskrifta og ávöxtunar eigin
fjár 245 " "

3.020 millj. kr.

Skipting iðnaðar eftir landshlutum eftir álogðu iðnláanasjóðsgjaldi:

Reykjavík	57.1%
Vesturland	2.6%
Vestfirðir	1.9%
Norðurland vestra	1.0%
Norðurland eystra	10.0%
Austurland	2.4%
Suðurland	6.0%
Reykjanes	19.0%
	<u>100.0%</u>

(Iðnláanasjóðsgjald er lagt á allan iðnað, einnig byggingariðnað, nema fiskiðnað og vinnslu landbúnaðaráfurða).

Fjárfesting í iðnaði 1955-1967
(miðað við verðlag ársins 1967)

	I.	II.
1955	352 m.kr.	115 m.kr.
1956	408 " "	120 " "
1957	497 " "	115 " "
1958	599 " "	129 " "
1959	441 " "	171 " "
1960	444 " "	201 " "
1961	402 " "	169 " "
1962	597 " "	223 " "
1963	736 " "	349 " "
1964	726 " "	367 " "
1965	720 " "	352 " "
1966	947 " "	479 " "
1967	1070 " "	473 " "

Í aftari dálknum er fjárfesting í öðrum iðnaði en fiskiðnaði, vinnslu landbúnaðaráfurða og sements-, áburðar- og álverksmiðju.



magvarson

Fra framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokkssins

Bjarni Benediktsson
Borgarsjálf

eggur, í samræmi við stefnu sína og hvers konar stuðningur við bókmenntir því sem er. Jafnframt sé þess gætt, llt til þess fallinn að efla frjálsta inu.

menntamálaráð verði tekin til endurheimtina augum, hvernig auka megi stuðning við vísindi, bókmenntir og listir. Athugað verði hvernig efla megi kynningu íslenzkralista, innanlands og utan, og þá einnig sérstaklega um ^{athugið} til að þýða íslenzkar bókmenntir á erlend mál og kynna þær erlendis. Jafnframt ber að auka ferða- og vinnustyrki til listamanna og fræðimanna.

3. Ýtarleg rannsókn fari fram á aðstöðu íslenzkrar bókagerðar og bráður bugur undinn að raunhæfum úrbótum í þeim efnum. Í því sambandi komi til álita afnám tolla á efni og vélum til bókagerðar og bókum með íslenzkum texta.
Jafnframt verði tekið til athugunar, að öll almenningsbókasöfn í landinu kaupi hið minnsta eitt eintak af hverri nýútkominni bók íslenzks höfundar á ári hverju, samkvæmt sérstökum reglum.
4. Lögum um Þjóðleikhús verði breytt á þann veg, að þjóðleikhúsráð verði kosið til ákveðins tíma, t.d. fjögurra ára í senn, og valdsvið þess tekið til endurskoðunar.
5. Komið verði á fót hið fyrsta leiklistarskóla á vegum ríkisins, enda verði stofnun sliks skóla ákveðin í samráði við leikara og aðra leikhúsmenntaða aðila.
6. Sinfóniuhljómsveit Íslands verði gerð að sjálfstæðri stofnun með eigin stjórn.
7. Athugað verði sem fyrst um mögulega aðild Íslands að svonefndu MIC (Music Information Centres), sem starfa viða um lönd til útbreiðslu á erlendum tónverkum.

fil

Miðstómas.

Baldur Þingvasson

1. Sjálfstæðisflokkurinn leggur, í samræmi við stefnu sína og markmið, ríka áherzlu á það, að hvers konar stuðningur við bókmenntir og listir verði enn aukinn frá því sem er. Jafnframt sé þess gætt, að sá stuðningur verði umfram allt til þess fallinn að efla frjálsa listsköpun og listtúlkun í landinu.
2. Lög um menningarsjóð og menntamálaráð verði tekin til endurskoðunar með það fyrir augum, hvernig auka megi stuðning við vísindi, bókmenntir og listir. Athugað verði hvernig efla megi kynningu íslenzkra lista, innanlands og utan, og þá einnig sérstaklega ~~um~~^{þarf} til að þýða íslenzkar bókmenntir á erlend mál og kynna þær erlendis. Jafnframt ber að auka ferða- og vinnustyrki til listamanna og fræðimanna.
3. Ýtarleg rannsókn fari fram á aðstöðu íslenzkrar bókagerðar og bráður bugur undinn að raunhæfum úrbótum í þeim efnum. Í því sambandi komi til álita afnám tolla á efni og vélum til bókagerðar og bókum með íslenzkum texta.
Jafnframt verði tekið til athugunar, að öll almenningsbókasöfn í landinu kaupi hið minnsta eitt eintak af hverri nýútkominni bók íslenzks höfundar á ári hverju, samkvæmt sérstökum reglum.
4. Lögum um Þjóðleikhús verði breytt á þann veg, að þjóðleikhúsráð verði kosið til ákveðins tíma, t.d. fjögurra ára í senn, og valdsvið þess tekið til endurskoðunar.
5. Komið verði á fót hið fyrsta leiklistarskóla á vegum ríkisins, enda verði stofnun sliks skóla ákveðin í samráði við leikara og aðra leikhúsmenntaða aðila.
6. Sinfóniuhljómsveit Íslands verði gerð að sjálfstæðri stofnun með eigin stjórn.
7. Athugað verði sem fyrst um mögulega aðild Íslands að svonefndu MIC (Music Information Centres), sem starfa viða um lönd til útbreiðslu á erlendum tónverkum.

fil

Miðstöðum.

8. Reist verði svo fljótt sem kostur er veglegt hús fyrir Listasafn ríkisins og safninu tryggt nægjanlegt rekstrarfél.
- Jafnframt verði stutt að eflingu listasafna úti um land með því m.a., að Listasafn ríkisins leggi þeim til, að láni eða jafnvel að gjöf, ýmis myndlistaverk í samráði við Listaráð og að tilhlutun þess.
9. Athugun fari fram á því, með hverjum hætti unnt sé að örfa einstaklinga og félög til að leggja fram fjármagn til lista og menningarmála, t.d. með bættri aðstöðu til þess, að slík fjárfamlög séu frádráttarbær á skattaframtölum í ríkara mæli en nú er.
10. Gerð verði gangskör að því að helztu sögustaðir landsins verði friðaðir og auðkenndir, þannig að almenningur geti fræðzt um sögu þeirra og áhrif á örlög og menningu þjóðarinnar.
11. Ráðstafanir verði gerðar til að búa í haginn fyrir íslenzka kvíkmyndagerð og hlúa að henni.

Lagt fram á fundi
misstjúmar 875'67
þskl

Tillaga frá Jóni Pálmasyni.

Tillaga til miðstjórnar.

Ef samþykkt verður: að fram fari prófkosningar til undirbúnings alþingiskosningum í einhverju kjördæmi, þá er það því aðeins heimilt, að súlik prófkosning fari fram á almennum flokksfundi, er sé rækilega auglýstur fyrir fram.

Ef réttara þykir: að súlik prófkosning fari fram á fleiri stöðum en einum innan sama kjördæmis, eins og líklegt má telja, þá er skyldt að það gerist á öllum stöðum á sama degi og um sama leyti dags. Skal þá talning atkvæða fara fram strax að lokinni kosningu á hverjum stað.



Fra Skrifstofu Sjálfstæðisflokkssins

ík 8. október 1969.

höfum unnið að athugun-
ir ósk miðstjórnar Sjálf-
ð hvar fyrir sig, og
greinargerð, sem ég hef

þróunar.

endanlega frá sameiginlegum
en Baldvin fór af landi brott 7. þ.m. Hann hafði gert drög að
tillögum eftir umræðufundi okkar. Að athugunlokinni tel ég rétt,
að ég sendi miðstjórninni þessi drög óbreytt, en ég vil jafnframt
leyfa mér að láta þessa getið:

1. Persónulega er ég fylgjandi því, að Sjálfstæðismenn hafi sem
víðast prófkjör fyrir alþingis- og sveitarstjórnakosningar á næstu
árum - bæði til að tryggja rétt sem stærsts hóps manna til aðildar
að mikilvægum ákvörðunum og til að freista þess að efla áhuga á
starfsemi flokksins.

2. Við Baldvin Tryggvason erum báðir þeirrar skoðunar, að þeir
aðilar, sem eftir skipulagsreglun Sjálfstæðisflokkssins taka ákvárdanir
um framboð, eigi að ákveða, hvort prófkjör skuli vera eða ekki.
Ef þeir ákveða að efna til prófkjörs, teljum við, að jafnan skuli
farið eftir sömu meginreglum, sem flokkurinn setji.

3. Drög þau, sem fylgja, gera ráð fyrir þessu kerfi við prófkjör:
Saminn sé prófkjörlisti og þá byggt á skoðanakönnun meðal trúnaðarmanna,
uppástungum frá flokksmönnum og stuðningsmönnum og ákvörðunum
kjörnefnda. Síðan fari fram prófkjör bundið við nöfn á listanum.
Í frumdrögunum er bent á þrjá valkostí varðandi það, hverjir megi
taka þátt í prófkjöri. Sjálfur tel ég eðlilegast, að aðeins flokks-
bundnir Sjálfstæðismenn eigi rétt til þátttöku. Tel ég nauðsynlegt
að leggja áherzlu á, að aðild að flokksfélögum veiti sérstaka aðstöðu.
Í frumdrögunum er ekki gert ráð fyrir, að prófkjör sé bindandi um röð
manni í aðalsæti. Sjálfur tel ég óeðlilegt, að heimilt sé að setja
mann í vonlaust "Aðalsæti", sem náð hefur fylgi til að vera í sæti, sem
gerir líklegt, að hann nái kjöri á þing eða í sveitarstjórn. Í frum-
drögunum er gert ráð fyrir, að prófkjör sé bindandi að öðru leyti,
þó ekki, ef þátttaka er lítil, sbr. niðurlagsorð textans. Þar er
ekki tekið fram, hve margir þurfi að taka þátt í kjörinu til að það
verði bindandi. Sjálfur tel ég, að 20% flokksmanna væri hæfileg tala.

4. Um útreikning á úrslitum ræðir ekki í frumdrögunum, en hugmynd-
ir mínar um það atriði eru þessar: Talið skal atkvæðamagn á hvert
sæti fyrir sig. Maður fær atkvæði til að vera í tilteknu sæti, ef
hann er settur í það sæti á einhverjum kjörseðli eða ef hann er á
seðli í sæti ofar á listanum en nær ekki vali í það. Ég er persónu-
lega andvígur þeim valkostí, sem nefndur er í frumdrögunum, að merkt
sé með krossi við aðalmenn sérstaklega og varamenn sérstaklega.

5. Frumdrögin eru miðuð við aðstæður í Reykjavík. Breytingar vegna
annarra landshluta eru m.a. þessar æskilegar: Menn á prófkjörlista
verði yfirleitt helming fleiri en aðal- og varamenn, sem kjósa á.
Skoðanakönnun um menn á prófkjörlista fari fram meðal manna í kjör-
dæmisráðum, félagsstjórnnum og fulltrúaráðum. Menn búsettir utan
sveitarfélags, þar sem kjörstaður er við prófkjör, fái teknifæri til
að senda atkvæði í pósti.

Virðingarfyllst,

Pór Vilhjálmsson.
(sign.)

Til miðstjórnar Sjálfstæðisflokkssins,
Reykjavík.

Reykjavík 8. október 1969.

Við Baldvin Tryggvason framkvæmdastjóri höfum unnið að athugunum á prófkjörum og að tillögugerð um þau eftir ósk miðstjórnar Sjálfstæðisflokkssins. Að nokkru höfum við starfað hvor fyrir sig, og leyfi ég mér hér með að senda miðstjórninni greinargerð, sem ég hef tekið saman og nefnt:

VAL FRAMBJÓÐENDA

Lagareglur, floksreglur og venjur í nokkrum löndum.

Að nokkru höfum við Baldvin hins vegar starfað saman að verk-efni okkar og leitazzt við að gera tillögur um almennar reglur um prófkjör. Því miður tókst ekki vegna sérstakra ástæðna að ganga endanlega frá sameiginlegum tillögum og skýringum með þeim, áður en Baldvin fór af landi brott 7. þ.m. Hann hafði gert drög að tillögum eftir umræðufundi okkar. Að athugunlokinni tel ég rétt, að ég sendi miðstjórninni þessi drög óbreytt, en ég vil jafnframt leyfa mér að láta þessa getið:

1. Persónulega er ég fylgjandi því, að Sjálfstæðismenn hafi sem viðast prófkjör fyrir alþingis- og sveitarstjórnakosningar á næstu árum - þæði til að tryggja rétt sem stærsts hóps manna til aðildar að mikilvægum ákvörðunum og til að freista þess að efla áhuga á starfsemi flokkssins.

2. Við Baldvin Tryggvason erum báðir þeirrar skoðunar, að þeir aðilar, sem eftir skipulagsreglun Sjálfstæðisflokkssins taka ákvárdanir um framboð, eigi að ákveða, hvort prófkjör skuli vera eða ekki. Ef þeir ákveða að efna til prófkjörs, teljum við, að jafnan skuli farið eftir sömu meginreglum, sem flokkurinn setji.

3. Drög þau, sem fylgja, gera ráð fyrir þessu kerfi við prófkjör: Saminn sé prófkjörlisti og þá byggt á skoðanakönnun meðal trúnaðarmanna, uppástungum frá flokksmönnum og stuðningsmönnum og ákvörðunum kjörnefnda. Síðan fari fram prófkjör bundið við nöfn á listanum. Í frumdrögunum er bent á brjá valkosti varðandi það, hverjir megi taka þátt í prófkjöri. Sjálfur tel ég eðlilegast, að aðeins flokksbundnir Sjálfstæðismenn eigi rétt til þátttöku. Tel ég nauðsynlegt að leggja áherzlu á, að aðild að flokksfélögum veiti sérstaka aðstöðu. Í frumdrögunum er ekki gert ráð fyrir, að prófkjör sé bindandi um röð manna í aðalsæti. Sjálfur tel ég óeðlilegt, að heimilt sé að setja mann í vonlaust "aðalsæti", sem náð hefur fylgi til að vera í sæti, sem gerir líklegt, að hann nái kjöri á þing eða í sveitarstjórn. Í frumdrögunum er gert ráð fyrir, að prófkjör sé bindandi að öðru leyti, þó ekki, ef þátttaka er lítil, sbr. niðurlagsorð textans. Þar er ekki tekið fram, hve margir þurfi að taka þátt í kjörinu til að það verði bindandi. Sjálfur tel ég, að 20% flokksmanna væri hæfileg tala.

4. Um útreikning á úrslitum ræðir ekki í frumdrögunum, en hugmyndir mínar um það atriði eru þessar: Talið skal atkvæðamagn á hvert sæti fyrir sig. Maður fær atkvæði til að vera í tilteknu sæti, ef hann er settur í það sæti á einhverjum kjörseðli eða ef hann er á seðli í sæti ofar á listanum en nér ekki vali í það. Ég er persónulega andvígur þeim valkosti, sem nefndur er í frumdrögunum, að merkt sé með krossi við aðalmenn sérstaklega og varamenn sérstaklega.

5. Frumdrögin eru miðuð við aðstæður í Reykjavík. Breytingar vegna annarra landshluta eru m.a. þessar æskilegar: Menn á prófkjörlista verði yfirleitt helming fleiri en aðal- og varamenn, sem kjósa á. Skoðanakönnun um menn á prófkjörlista fari fram meðal manna í kjörðemisráðum, félagsstjórnum og fulltrúaráðum. Menn búsettir utan sveitarfélags, þar sem kjörstaður er við prófkjör, fái teknifæri til að senda atkvæði í pósti.

Virðingarfyllst,

Þór Vilhjálmsson.
(sign.)

Til miðstjórnar Sjálfstæðisflokkssins,
Reykjavík.

B. Tr., gert í okt. 1969.

Drög að almennum reglum um prófkjör.

A. Reykjavík.

Kjörnefnd hefur á hendi og ber ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd prófkjörs samkvæmt þeim reglum, er að neðan greinir.

I. Framboð til prófkjörs.

a) Hæfilega löngu fyrir bann tíma, sem prófkjör á að fara fram skal kjörnefnd gera skrá um frambjóðendur til prófkjörs, hér eftir nefnd kjörseðill.

Á kjörseðli mega vera tvöfalt fleiri nöfn reykvískra kjósenda Sjálfstæðisflokkssins en skipa framboðslista flokksins í almennum kosningum hverju sinni, þ.e. 48 við Alþingiskosningar en 60 við borgarstjórnarkosningar sbr. þó ákvæði f g lið.

Nöfnum á kjörseðli skal raða í stafrófsröð eftir íslenzkri nafnvenju.

b) Kjörnefnd lætur fyrst fara fram skoðanakönnun innan Fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík.

Þau nöfn, sem hljóta 100 atkvæði eða fleiri við þessa skoðanakönnun er kjörnefnd skylt að setja á kjörseðil, þó ekki fleiri en skipa eiga framboðslistann við almennar kosningar hverju sinni (24 eða 30 nöfn).

Ef nægilega mörg nöfn hljóta ekki 100 atkv. er kjörnefnd heimilt að bæta við nöfnum svo að fullri tölu verði náð. Í því tilviki er kjörnefnd ekki bundin af úrslitum skoðanakönnunar, en einfaldur meirihluti nefndarinnar ræður úrslitum.

c) Kjörnefnd skal leita samþykkis þeirra aðila, sem skipa eiga kjörseðil skv. b-lið. Nú óskar einhver, að nafn hans sé ekki á kjörseðli og hefur kjörnefnd þá heimild til að bæta við öðru nafni, sem hlötið hefur 100 atkvæði hið fæsta við skoðanakönnunina að öðrum kosti að vild sinni.

d) Þegar kjörnefnd hefur gengið frá skipan kjörseðils skv. framansögðu skal hún birta kjörseðilinn opinberlega.

Jafnframt skal hún tilkynna á sama hátt, að reykvískir kjósendar Sjálfstæðisflokkssins geti lagt fram tillögur um nöfn til viðbótar á kjörseðilinn innan ákveðins frests (t.d. 10 daga).

e) Tillögu er heimilt að leggja fram um eitt nafn enda sé um að ræða kjósanda í Reykjavík, sem skriflega samþykkir að vera í kjöri við almennt prófkjör og styður Sjálfstæðisflokkinn að málum.

Tillaga er því aðeins gild, að undir hana hafi ritað eigin hendi eigi færri en 100 og eigi fleiri en 150 reykvískir kjósendar Sjálfstæðisflokkssins. (Kjósandi riti einnig lögheimili skv. kjörskrá og nafnnúmer eða fæðingard. og ár).

f) Kjörnefnd tölusetur tillögur í þeirri röð, sem þær berast og ritar á þær nákvæma tímasetningu, hvenær þær bárust kjörnefnd og skal sá eða þeir sem leggja fram tillöguna staðfest með umirskrift á illöguna að t' setning sé rítt. Enginn getur undirritað fleiri en tvær tillögur.

festa með undirskrift á tillöguna að tímasetning sé rétt. Enginn getur undirritað fleiri en tvær tillögur.

Nú hefur einhver undirskrifað fleiri en tvær tillögur og skal þá kjörnefnd strika út þá eða þær undirskriftir, sem eru á þeim tillögum, sem síðar eða síðast berast.

Nú berast gildar tillögur á þennan hátt með samtals fleiri en 24 nöfnum við Alþingiskosningar og 30 nöfnum við borgarstjórnarkosningar og getur þá kjörnefnd ákveðið að taka ekki gildar þær tillögur, sem henni bárust síðastar.

g) Ef berast tillögur skv. e og f-lið um 24 nöfn eða fleiri við Alþingiskosningar eða 30 nöfn eða fleiri við borgarstjórnarkosningar og úrslit skoðanakönnunar skv. b-lið verða slík að við Alþingiskosningar hafa 24 nöfn fengið 100 atkvæði (við borgarstjórnarkosningar 30 nöfn) hefur kjörnefnd heimild til að fjölgja nöfnum á kjörseðli allt upp í 60 við Alþingiskosningar og upp í 75 við borgarstjórnarkosningar.

Ef hinsvegar tillögur skv. e- og f-lið verða það fáar að á skorti að kjörseðill verði fullskipaður skv. a-lið skal kjörnefnd bæta í listann nöfnum þannig að hann verði fullskipaður og hefur ætið heimild að bæta við 12 nöfnum við Alþingiskosningar og 15 nöfnum við borgarstjórnarkosningar.

Einfaldan meirihluta kjörnefndar þarf til ákvörðunar hvaða nöfn eru sett á kjörseðil.

II. Skoðanakönnun skv. I a-lið skal fara fram þannig:

a) Sérhverjum þeim, sem skráður er meðlimur Fulltrúarárs Sjálfstæðisfélaganna þegar kjörnefnd er kosin skal sent bréf í pósti með ítarlegum upplýsingum um reglur þær, sem um skoðanakönnunina, tillöguggerð og alla framkvæmd prófkjörs gilda, og aðrar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna skoðanakönnunarinnar, svo sem kjörstað, kjörtíma o.s.fr.

Jafnframt skulu fylgja með kjörgögn vegna skoðanakönnunarinnar.

- 1) Skoðanakönnunarseðill vel auðkenndur með áprentuðum ótölusettum 20 línum.
- 2) Umslag merkt "Atkvæði", sem seðlinum útfylltum er stungið í og umslagið síðan límt aftur.
- 3) Stærra umslag, þar sem fulltrúar skulu rita á nafn sitt, heimilisfang og nafnnúmer. Lokuðu atkvæðaumslagi skal stinga í þetta umslag.

b) Skoðanakönnunarseðill er því aðeins gildur, að nafn fulltrúa sé ritað eiginhendi (greinilega) á umslag nr. 2. Einnig er áskilið að minnst 10 nöfn og ekki fleiri en 20 nöfn reykvískra kjósenda (floksins) séu rituð á kjörseðilinn, og gildir einu í hvaða röð þau eru rituð.

c) Um skil á kjörgönum til kjörnefndar gildi sömu reglur og um kosningu kjörnefndar skv. reglugerð um Fulltrúaráðið.

Bessir mega taka þátt í almennu prófkjöri:

- A Flokksbundnir kjósendar sem greitt hafa árgjöld til félags síns og gengið hafa í sjálfstæðisfélag a.m.k. 2 mánuðum fyrir kosningu kjörnefndar. Skal félagatal eða slík kjörskrá lögð fram af félagsstjórn og undirrituð af stjórninni.
- B Flokksbundið fólk innan við kosningaaldur sbr. A 1. 1 (t.d. 17 ára - 20)
- C Óflokksbundnir kjósendar enda greiði þeir atkvæði á kjörstað á tilteknum tíma, sem hafður væri skemmri en fyrir flokksbundna.

Kjörseðlar A, B og C eru með mismunandi lit, og hver hópur talinn sér og ákvæði sett hvert tillit er tekið til atkvæða hvers hóps. Kjörnefnd setur þau ákvæði eftir talningu og þarf þá 2/3 atkvæða til ákvörðunar.

Í almennu prófkjöri er kosning bundin við þau nöfn, sem eru á kjörseðli, og skal hann birtur opinberlega.

Kjósandi kýs þannig:

1. Merkir með tölustöfum í hverri röð hann vill að listi verði skipaður
- eða 2. Merkir í sérstakan reit (x) við aðalmenn og annan reit við varamenn.

Kjörseðill er því aðeins gildur, að merkt sé (eða tölusett) við ákveðinn lágmarksfjölda t.d. 12 nöfn og 16.

Ef merkt er við aðalsæti og varasæti skal áskilinn lágmarksfjöldi við merkingu við aðalsæti og varasæti t.d. 6 og 6 eða 8 og 8.

Allir þátttakendur í almennu prófkjöri kjósi á kjörstað eða skili kjörgönum persónulega á kjörstað.

Flokksbundnu fólk eru send í pósti kjörgögn, þau sömu og um getur í II a (nema kjörseðill er öðru vísi), og þess gætt að enginn fái sendan nema einn kjörseðil þótt hann kunni að vera meðlimur í fleiri en einu Sjálfstæðisfélagi.

Kjörnefnd annast talningu atkvæða bæði í skoðanakönnun og almennu prófkjöri. Hún getur kvatt til menn til aðstoðar, sem bundnir eru þagnarheiti eins og hún sjálf er bundin um úrslit öll og talningu.

Úrslit þarf að birta svo fljótt sem auðið er, en þá þannig, að skýrt sé frá hverjir voru hæstir í atkvæðum allt að t.d. 10 nöfn eða fleiri. (þarf að íhugast betur) en ekki endilega getið, hvað hver fékk mörg atkvæði.

Kjörnefnd er bundin af úrslitum prófkjörs að því þó undanskildu, að hún getur raðað nöfnum á lista eftir vild innan þeirra takmarka, að menn sem hlotið hafa atkvæðatölu til að skipa aðalsæti verði í einhverju þeirra. Sama gildir um varamannasæti.

Neðstu sætin á lista ræður kjörnefnd ein og þurfa úrslit prófkjörs ekki að binda hana um þau sæti.

Úrslit almenns prófkjörs eru því aðeins bindandi, að tiltekinna fjöldi hafi greitt atkvæði. Einnig verða úrslit ekki birt nema því skilyrði sé fullnægt.

VAL FRAMBJÓÐENDA

Lagareglur, flokksreglur og venjur í nokkrum löndum.

Við umræður um það, hvort setja skuli í Sjálfstæðisflokknum reglur um prófkjör við val manna á framboðslista í alþingis- og sveitarstjórnarkosningum, getur verið heppilegt að kanna, hvort reynsla hefur fengist af þessari aðferð í öðrum löndum og hvernig sú reynsla er. Jafnframt er sjálfsagt að velta því fyrir sér, hvernig þessar upplýsingar komi heim við aðstæður hér á landi og í Sjálfstæðisflokknum sérstaklega. Þetta hefur verið reynt að gera, en játa verður, að heimildir erlendis frá hafa verið minni en æskilegt hefði verið. Í ljós kom, að ekki var heppilegt að binda athugunina við prófkjör eingöngu. Stafar þetta af því, að ekki hafa fengist upplýsingar um eiginleg prófkjör nema frá Svíþjóð og Bandaríkjum, en hins vegar eru í sumum nágrannalöndum okkar aðrar skyldar reglur, sem geta verið fróðlegar.

Ef leitað er freðslu um val frambjóðenda í öðrum löndum, sýnist ráðlegt að athuga fyrst, hvort lagareglur hafa verið settar um þetta efni. Ef í ljós kemur, að það hefur verið gert, er líklegt, að festa sé á þessum málum í viðkomandi landi og að fá megi glöggjar upplýsingar um kosti og galla gildandi fyrirkomulags. Þegar könnun á lagareglum hefur verið gerð, er eðlilegt að athuga, hvað tiltækt er af upplýsingum um venjur eða flokksreglur um val frambjóðenda í erlendum stjórnmálflokkum. Þessar upplýsingar verður að nota með varúð, þar sem venjurnar og flokksreglurnar eru vafalítið tíðari breytingum háðar en lagareglur.

NOREGUR

Noregur mun vera hið eina af Norðurlöndunum, þar sem lagareglur um aðferðir við framboð eru til. Þar eru í gildi lög um val frambjóðenda við stórpingskosningar (Lov om nominasjon ved stortingsvalg) frá 17. desember 1920 (nr. 2) með nokkrum síðari breytingum. Lög þessi eru stutt, aðeins 7 greinar. Í þeim eru vissar reglur um flokksfundi o.fl. varðandi ákvarðanir um framboð. Stjórnmálflokkunum er ekki skylt að fara eftir reglum laganna. Ef þeir gera það ekki, hefur það þær afleiðingar einar, að flokkarnir fá ekki fjárstyrk úr ríkissjóði vegna ferða- og dvalarkostnaðar fulltrúa, er sitja fund þann, sem gengur frá framboðslistanum fyrir stórpingskosningar. Er þar um að ræða fund, sem sagt verður frá hér á eftir og er svipaður fundi kjördæmisráða utan Reykjavíkur skv. skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins.

Helztu atriðin í norsku lögunum eru þessi: Tvenns konar flokksfundir skulu haldnir vegna framboðsins. Fyrst eru haldnir fundir í kosningaumdæmum (valsogne), en það eru hlutar úr kjör-dæmum og munu yfirleitt ná yfir eitt sveitarfélag. Á þessum fundum eiga allir þeir flokksmenn atkvæðisrétt, sem búsettir eru í umdæminu og hafa kosningarétt. Ekki er skýrgreint í lögunum, hverjir teljist flokksmenn, og geta stjórnmálflokkarnir sjálfir sett reglur um það atriði. Yfirleitt munu þeir einir fá að greiða atkvæði á fundum þessum, sem eru í flokksfélagi og hafa greitt árgjald til þess. Þó finnast dæmi um, að ófélagsbundnir stuðningsmenn stjórnmálflokkks hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslu, og jafnvæl, að efnt sé til funda í umdæmum, sem ekkert flokksfélag er starfandi í. Á þessum fundum í kosningaumdæmum skal kjósa fulltrúa til annars fundar, sem er fyrir kjördæmið allt og þar sem tekin er ákvörðun um framboð. Um fjölda fulltrúa úr hverju umdæmi eru nákvæmar reglur í lögunum, en fjöldann skal ákveða með hliðsjón af fylgi flokksins í umdæminu við síðustu kosningar áður er fundurinn er haldinn. Það er ferða- og dvalarkostnaður þessara kjörnu fulltrúa vegna þátttöku í fundinum, sem greiddur er úr ríkissjóði. Til að svo sé gert, þarf ýmsum skilyrðum að vera fullnægt. Fundina í kosningaumdæmunum þarf að boða með 8 daga

fyrirvara í blaði, sem er viðlesið í sveitarféluginu. Um rétt til fundarsetu og um fjölda fulltrúa er áður rætt. Þeir fulltrúar, sem kosnir eru, skulu hafa atkvæðisrétt í kosningaumdæminu. Þeir skulu fá kjörbréf, þar sem geta skal um fundarboðun o.fl. Fundurinn, sem bessir fulltrúar sitja og tekur ákvörðun um framboð, skal boðaður af stjórn flokkssamtakanna í kjördæminu, en fundarstaðurinn er háður samþykki valdsmanns (fylkesmann's). Þar skulu auk hinna kjörnu fulltrúa mega sitja vissir starfsmenn viðkomandi flokks án atkvæðisréttar. Á fundinum skal leggja fram kjörbréf, og bóka skal nöfn fundarmanna, samþykktir fundarins og atkvæðatölur.. Endurrit bókana og kjörbréfin skal senda valdsmanni. Nokkur önnur skilyrði þarf að uppfylla í undantekningartilvikum, en ekki er ástæða til að rekja þau hér. Ef reynt er að gera sér grein fyrir því, hvað í áðurnefndum skilyrðum laganna felst, kemur fram, að tvennt skiptir mestu máli: að fundirnir í kosningaumdænum séu rétt boðaðir og að tala fulltrúanna, sem þar eru kosnir til að sitja fundinn, sem tekur ákvörðun um framboðið, sé rétt. Athygli skal vakin á því, að ekkert opinbert eftirlit er með því, hvort efnt er til umdæmefunda eða þeir látnir farast fyrir, ekkert eftirlit er með reglum flokks um atkvæðisrétt á fundum þessum og ekkert eftirlit með því, hvort flokksstjórnir stefna að því að fara eftir lögnum. Stundum er það alls ekki gert eins og síðar segir.

Sú ákvörðun, sem tekin er á fulltrúafundinum um skipun framboðslistans, er endanleg, Að vísu segir í lögnum, að heimilt sé að ákveða í samræmi við skipulagsreglur viðkomandi flokks að efna til almennrar atkvæðagreiðslu um ákvörðun fulltrúafundarins, en ekki er til þess vitað, að slik atkvæðagreiðsla hafi nokkrusinni farið fram. Eftir lögnum eiga úrslit í henni að fela í sér endanlega ákvörðun um listann.

Þær reglur, sem nú hafa verið raktar, fjalla ekki um prófkjör eða skoðanakannanir. Í norsku lögnum eru þó ákvæði, sem betta varða. Þar segir, að heimilt sé að efna til atkvæðagreiðslu á fundunum í kosningaumdænum um menn á framboðslistanum og um röð þeirra á listanum. Úrslitin eru ekki bindandi að lögum, en skylt er að senda tilkynningu um þau til fulltrúafundarins, sem gengur frá framboðslistanum.

Norsku framboðslögin voru á sínum tíma sett um leið og ný löggjöf um stórbingskosningar. Þau voru undirbúin af millipinganeftnd um kosningar, sem hóf störf 1917. Nefndin kannaði, hvernig framboð eru ákveðin í öðrum löndum, m.a. Bandaríkjum. Athyglisvert er, að hún valdi þá leið að láta fulltrúafund ganga frá framboðum, þó að henni væri ljóst, að þessi aðferð, sem í Bandaríkjum kallast ráðstefnu-aðferðin (conventions-aðferðin) eins og síðar greinir, væri þá að þoka þar í landi fyrir prófkjörs-aðferðinni (primary-aðferðinni). Óánægja hefur oft komið fram í Noregi vegna þeirra aðferða, sem löginn mæla fyrir um, og mun hún aðallega hafa beint að því, að flokksstjórnirnar hefðu í raun of mikil áhrif á framboð. Niðurstöður athugana, sem fram hafa farið á því, hvort breyta ætti lögnum, hafa þó jafnan verið þær, að ekki væri heppilegt að gera það í grundvallaratriðum. Hins vegar hafa nokkrum sinnum verið gerðar minni háttar breytingar. Ákvæðunum um skoðanakannanir eða prófkjör á umdæmefundum var bætt í lögini 1953.

Því miður er ekki fáanlegt fullnægjandi yfirlit yfir beitingu laganna og aðferðir við framboð í Noregi, sem er yngra en um kosningarnar 1953. Dr. Henry Valen, sem nú er dósent við háskólan í Oslo, birti 1956 grein, þar sem m.a. eru raktar niðurstöður athugana á framboðum á árinu 1953 í Akurshúsfylki, þ.e. héraðinu umhverfis Oslo. Nokkur atriði úr niðurstöðum Valen's skulu nefnd hér.

Stjórnmálflokkar, sem höfðu menn í kjöri á þessu ári, voru

6 að tölu, og allir buðu þeir fram í Akurshúsfylki. Fjórir þeirra (Verkamannaflokkurinn, Bændaflokkurinn, Kristilegi þjóðflokkurinn og Kommúnistaflokkurinn) uppfylltu skilyrði framboðslaganna í þessu kjördæmi. Vinstri flokkurinn og Hægri flokkurinn gerðu það ekki, en fóru engu að síður í meginatriðum eftir reglum laganna. Leitað var til starfsmanna þessara tveggja flokka og þeir beðnir að skýra, hvers vegna þeir fóru ekki eftir reglum laganna í öllum greinum. Í svörunum kom meðal annars fram, að hér væri ekki um mikið atriði að ræða fjárhagslega og að hætta hefði verið á formlegum mistökum af sérstökum orsökum, og hefði ekki verið talið, að ástæða væri til að hætta á, að synjað væri um fé úr ríkissjóði af smávægilegum formsástæðum. Þess skal getið, að í báðum þessum flokkum voru haldnir fundir í kosningaumdæmum og menn valdir þar til setu á fulltrúafundum, sem gengu frá framboðslistum flokkanna.

Það sem vekur mesta athygli við umdæmafundina í Akurshúsfylki 1953 er það, hve fáir sóttu þá. Verkamannaflokkurinn boðaði fundi í öllum þeim 32 sveitarfélögum, sem í kjördæminu voru. Á einum stað féll fundur niður vegna fámennis, en á hinum voru aðeins um 7% flokksbundinna manna. Ekki er getið um, hve margir fundarmenn voru í raun og veru, en þeir hafa sjálfsagt oft verið afarfáir, því að menn, sem atkvæði fengu á fundunum, þar sem kosið var um hugsanlega frambjóðendur, nutu stuðnings 7 til 144 manna. Þessar tölur sýna ast koma fram, þegar búið er að leggja saman öll atkvæði greidd frambjóðendaefnunum á 25 fundum, þar sem sliðar atkvæðagreiðslur fóru fram. Starfsmenn Bændaflokkins gáfu þær upplýsingar, að á fundum flokksins í Akurshúsfylki hefðu verið um 15% félagsbundinna flokksmanna. Hjá öðrum flokkum voru þær upplýsingar gefnar, að fundarmenn hefðu verið mjög fáir. Þetta ár voru kjósendar í fylkinu 130.030 og flokksbundnir menn 23.850 eða 18,3% kjósenda. Valen telur, að aðeins 1 - 2 % kjósenda hafi tekið þátt í umdæmafundunum.

Í auglýsingum um umdæmafundini þá, sem Verkamannaflokkurinn, Hægri flokkurinn og Bændaflokkurinn efndu til, var tekið fram, að á fundunum yrði rætt um skipun framboðslistans. Á fundum í Kommúnistaflokknum munu einnig hafa verið sliðar umræður. Frá umdæmafundum þess flokks, svo og frá fundum hjá Verkamannaflokknum og Bændaflokknum, voru sendar tillögur um skipun listanna beint til fulltrúafundarins, sem gekk frá framboðunum. Í Verkamannaflokknum bárust sliðar tillögur einnig frá æskulýðssamtökum hans í kjördæminu. Í Hægri flokknum mun listinn hafa verið ræddur á nokkrum umdæmafundum, en síðan var efnt til funda í héraðssamtökum flokksins í kjördæminu, en þau voru fjögur. Á þessum héraðafundum var listinn mikið ræddur. Fundina sátu kjörnir fulltrúar, 5 úr hverju sveitarfélagi. Hver fundur gerði tillögur um menn í 3 efstu sæti á lista flokksins. Í Verkamannaflokknum var haldinn sérstakur fundur að loknum umdæmafundum með þeim, sem þar höfðu verið kosnir fulltrúar í Efra-Raumaríki, en það er einn hluti kjördæmisins, og með stjórnun flokksfélaga í sveitarfélögnum þar. Þessir fulltrúar komu sér saman um að leggja til, að ákveðinn maður fengi öruggt sæti á listanum sem fulltrúi þessa hluta kjördæmisins.

Þegar kom að fulltrúafundunum, sem ákváðu skipun framboðslistanna, kom í ljós, að þeir voru hjá öllum flokkum haldnir eftir þeim aðalreglum, sem framboðslögin mæla fyrir um. Fundi þessa sóttu 24 - 185 menn. Samtals sátu þá alla 470 menn. Í fjórum flokkum voru kjörnefndir starfandi. Í Hægri flokknum var kjördæmisstjórnin jafnframt kjörnefnd, í Kristilega þjóðflokknum skipaði stjórnin kjörnefnd fyrir fulltrúafundinn, en kjörnefndin gerði aðeins tillögu um manna í efsta sæti á framboðslistanum og nefndi síðan í stafrófsröð aðra, sem hún taldi koma til greina í önnur sæti. Í Verkamannaflokknum og Kommúnistaflokknum voru kjörnefndir valdar á fulltrúafundunum sjálfum. Yfirleitt voru frambjóðendur í þeim sætum, sem máli skiptu, valdir úr hópi þeirra, sem flest atkvæði fengu á umdæmafundum, þar sem atkvæði voru greidd um menn á listana. Einkum voru menn í efstu sætin teknir úr þessum hópum. Í Verkamannaflokknum komst frambjóðandi manna í Efra-Raumaríki

ekki í sæti, sem stuðningsmönnum hans þótti viðunandi, og var framboð hans þá afturkallað. Frambjóðandi æskulýðssamtakanna í floknum fékk ekki 4. sæti listans, eins og stuðningsmenn hans höfðu krafizt, heldur 6. sætið.

Valen ræðir nokkuð í grein sinni, hvort flokksstjórnir hafi haft áhrif á skipun listanna. Hann telur ljóst, að stjórnarmenn í umdænum séu stundum svo til þeir einu, er sækil umdæmafundina, og með þeim hætti hafa þeir að sjálfsögðu áhrif á það, hvaða fulltrúar kjósa um framboðslistann að lokum. Menn í stjórn flokksamtakanna fyrir allt kjördæmið telur höfundurinn einnig hafa áhrif vegna sérstaks sambands, er þeir hafi við stjórnarmenn í umdænum og vegna þess, að þeir ráði í raun mestu um skipun kjörnefnnda. Valen er hins vegar varkár, er hann ræðir áhrif miðstjórna flokksamtakanna á skipun lista. Hann tekur fram, að starfsmenn allra flokka í Akurshúsþylki 1953 hafi harðlega neitað, að um slik áhrif væri að ræða. Hins vegar bendir hann á, að vel megi vera, að þeirra hafi engu að síður gætt.

A.s.l. sumri reyndi undirritaður nokkuð að fá með samtölum upplýsingar um aðferðir við framboð fyrir stórbingskosningarnar snemma í september. Upplýsingarnar voru brotakenndar. Þó kom fram, að fundasókn á umdæmafundum mun lítt hafa aukizt frá 1953. Frá þessum fundum sýnist þó oft vera sagt í blöðum. Af þeim sökum þótti framboð Hægri flokksins í Oslo tíðindum sæta að þessu sinni. Fundir munu hafa verið haldnir í ýmsum samtökum flokksins í borginni og þar m.a. hafa verið atkvæðagreiðslur um menn á listann. Eftir þær var ljóst, að einn af þingmönnum flokksins, sem kosinn hafði verið í Oslo, átti litlu fylgi að fagna meðal fundarmanna. Hann tók þá opinberlega upp baráttu fyrir því að fá sæti á listanum, og fékk til þess stuðning í blaðinu Aftenposten. Á fulltrúafundinum, sem gekk frá listanum, reyndist þessi þingmaður hafa nægilegt fylgi til að komast í öruggt sæti á listanum.

Í Noregi eru ekki til lagaákvæði um framboð við sveitarstjórnarkosningar. Ekki eru fyrir hendi upplýsingar um venjur og flokksreglur um þau.

SVÍPJÓÐ

Árið 1958 kom út í Stokkhólmi bókin KANDIDATNOMINERING VID ANDRAKAMMARVAL eftir Lars Sköld. Dómsmálaráðuneyti Svípjóðar gaf bókina út fyrir nefnd, sem þá vann að endurskoðun á stjórnskipun ríkisins. Í riti þessu er geysimikill fróðleikur um framboð við þingkosningarnar 1948 og 1952. Því miður eru ekki fyrir hendi samsvarandi upplýsingar um síðari kosningar í Svípjóð. Upplýsingarnar í bók Sköld's eru þó næsta fróðlegar fyrir þá, sem vilja fá sem fjölbreyttast yfirlit yfir hugsanlegar aðferðir við prófkjör. Prófkjör eru algeng í Svípjóð - eða voru það a.m.k. á þeim árum, sem bókin fjallar um. Þau fóru fram með mjög margvíslegum hætti, sem rækilega er frá sagt í ritinu, og er ekki létt verk að taka saman einfalt yfirlit yfir upplýsingarnar, er þar er að finna. Því miður hefur ekki verið unnt að vinna rækilega úr upplýsingum. Aðaláherzlan hefur verið lögð á að segja frá eins mörgum hugmyndum og tækt hefur þótt um atriði, sem ótla má, að geti haft þýðingu hér á landi. Var sá kostur tekinn að athuga sæmilega gaumgæfilega, hvað í bókinni segir um Hægri flokkinn, og að nokkru það, sem segir um flokk Sósíaldemókrata.

Lagareglur eru ekki í Svípjóð um framboð. Það sem hér fer á eftir er þess vegna eingöngu byggt á upplýsingum um reglur, sem flokkssamtök hafa sjálf sett sér.

Hægri flokkskurinn

Í hinum almennu skipulagsreglum fyrir Hægri flokkinn voru

á þessum árum engar reglur um framboð. Hins vegar voru sliðar reglur í fyrirmynnd að lögum kjördæmasamtaka innan flokksing og í fyrirmynnd að lögum flokksfélaga. Í fyrirmydinni að lögum kjördæmasamtaka segir, að reglur um framboð skuli setja á kjördæmispíngi. Ef það er ekki gert, skal kjördæmisstjórn flokksins setja reglurnar. Við undirbúning framboðs skulu óflokksbundnir stuðningsmenn hafa aðstöðu til áhrifa, en endanleg ákvörðun skal þó aðeins tekin af flokksbundnum mönnum. Það skal gert annaðhvort á almennum fundi eða fulltrúafundi. Í fyrirmydinni að lögum flokksfélaga innan Hægri flokksins segir aðeins, að halda skuli félagsfundi til að ræða um framboð og kjósa fulltrúa til að fjalla um framboð, ef til þess er ætlazt innan flokksins í kjördæminu. Þá er tekið fram, að meðal fulltrúa, ef þeir eru kjörnir, skuli vera konur og ungir hægri menn. - Þessar reglur eru svo óákveðnar, að aðferðir við framboð innan Hægri flokksins voru ákaflega mismunandi eftir landshlutum þeim 1948 og 1952.

Greina má milli þessara atriða við framboð:

1. uppástungna
2. álitsumleitunar (t.d. prófkjörs)
3. ákvörðunar um framboð.

Á þeim árum, sem hér er um að ræða, var yfirleitt leitað eftir uppástungum um frambjóðendur á listum Hægri flokksins. Oftast fór það þannig fram, að kjördæmisstjórnir snéru sér til flokksfélaganna, er efndu síðan í flestum tilvikum til funda um málið. Einnig var tíðkað að leita beint til flokksmanna, og stundum var óflokksbundnum stuðningsmönnum gefinn kostur á að bera fram uppástungur. Í enn öðrum tilvikum var látið við það sitja, að kjördæmisstjórin bæri fram frumtillögur. Þess skal getið, að Hægri flokkurinn var eini flokkurinn, sem lagði áherzlu á að ná til óflokksbundinna stuðningsmanna.

Prófkjör fóru 1952 fram innan Hægri flokksins í 9 af 28 kjördæmum, og í hlutum annarra tveggja kjördæma. Áður en aðal-prófkjör fór fram, var oft viðhöfð sérstök aðferð til að ákveða, hvaða nöfn skyldu vera á prófkjörseðlinum. Uppástungur leiddu með öðrum orðum ekki undantekningarlaust til þess, að nöfn kæmust á prófkjörseðlinn. - Í Stokkhólmi var haldinn fundur, þar sem hugsanlegir frambjóðendur kynntu sig og þar sem rætt var um framboðið, eftir að frambjóðendaefnин höfðu vikið af fundi. Að lokum var þó ákveðið að allir þeir 22 menn, sem gáfu kost á sér skyldu vera á lista við prófkjörið í borginni. Í Gautaborg og Málmeys kusu stjórnir flokkssamtaka, sem hlut áttu að máli, um það hverjir vera skyldu á prófkjörlistunum og í hvaða röð. Í stjórnunum þessum voru 40 og 75 menn. Annars var algengast að raða mönnum á listana í stafrófsröð, en einnig kom fyrir, að raðað væri eftir búsetu eða hlutað um röðina.

Kjörseðlar við prófkjör í Hægri flokknum voru yfirleitt sendir í pósti. og skilafrestur var oftast 2 vikur, stundum lengri. Í tveimur kjördæmum burftu þáttakendur að skrifa nöfn á seðlana, en nafnalisti fylgdi. Annars átti yfirleitt að skrifa tölustafi framan við nöfn til að gefa til kynna, í hvaða röð menn vildu styðja væntanlega frambjóðendur. Oft mátti að auki bæta nýjum nöfnum á listana. Mismunandi reglur voru um það, hve mörg nöfn skyldi merkt við. Stundum mátti velja um það innan vissra marka, stundum var það með öllu frjálst, stundum var aðeins gefin upp hámarkstala nafna, er merkja mátti við. Í Málmeys varð að setja tölustaf við öll nöfn á prófkjörslistanum, en Málmeys var, eins og síðar segir, hluti af eina kjördæminu, þar sem prófkjör var bindandi í Hægri flokknum 1952. Í Stokkhólmi giltu sérstakar reglur. Þar átti ekki að setja tölustafi framan við nöfnin, heldur átti að merkja með krossi við allt að 9 nöfn. Í Gautaborg var þáttakendum í prófkjörinu gefinn kostur á að samþykkja uppástungu frá kjördæmisstjórninni óbreytta með því að senda kjörseðil án þess að skrifa nokkuð á hann. Ef menn vildu

breytingar, varð að setja tölustafi við nöfnin.

Við talningu atkvæða var nokkuð misjafnt, hve strangar kröfur voru gerðar til þess, að farið væri eftir settum reglum. Í Gautaborg voru 63 af 916 seðlum lýstir ógildir, sums staðar voru allir seðlar teknir gildir. Rétt er að geta þess, að á nokkrum stöðum var greiðsla félagsgjalda skilyrði fyrir gildi seðils. Yfirleitt var sem fyrr segir ætlazt til, að sett væri tala við nöfn á kjörseðlinum, og við talningu var algengast, að menn fengju stig eftir því, hvaða tala stóð við nafn þeirra. Ef t.d. var um að ræða, að merkja ætti við 10 nöfn, fékk sá 10 stig, er tölustafurinn 1 stóð við, sá næsti 9 stig o.s.frv., en sá, sem tölustafurinn 10 stóð við, fékk 1 stig. Í Gautaborg fékk þó efsti maður 13 stig, sá næsti 10 stig, hin þriðji 8 stig, en síðan með sama hætti og aður er lýst.

Sköld reyndi að kanna áhrif ýmiss konar meðmæla á úrslit prófkjöranna. Við það kom í ljós, að alls staðar höfðu slik meðmæli mikil áhrif. Í Gautaborg var sem fyrr segir unnt að gefa til kynna, að menn félust á uppástungu kjördæmisstjórnarinnar án breytinga. Það gerðu 653 af 853, er sendu gilda seðla. Í Gävleborgs-léni þurftu þátttakendur í prófkjörinu að rita nöfn á kjörseðlinn, en honum fylgdi bréf frá kjörstjórninni, þar sem hún nefndi 5 menn, er hún taldi helzt koma til greina. Þó var tekið greinilega fram, að þetta væri alls ekki bindandi uppástunga. Engu að síður fengu þessir 5 menn langflest atkvæði. Fyrrverandi frambjóðendur eða þingmenn fengu einnig mun fleiri atkvæði en aðrir í svo til öllum tilvikum. Þess er að geta, að í Stokkhólmi voru atkvæði kvenna talin sérstaklega. Í ljós kom, að nokkru fleiri konur en karlar tóku þátt í prófkjörinu. Konur studdu yfirleitt fremur konur en karla á prófkjörslistanum, og áberandi var, að konurnar, sem þar voru nefndar, fengu lítið fylgi meðal karla. Sköld getur þess, að mjög lítið hafi verið um það, að menn bættu nýjum nöfnum á seðlana.

Rétt er að geta um athuganir Skölds á þátttöku í prófkjörum á vegum Hægri flokksins 1952. Upplýsingar hans eru athyglisverðar, og verður þess vegna tekin hér upp tafla, sem er í bók hans. Ýmsar skýringar á einstökum atriðum koma þar fram, og kunna sumar þeirra að vera allmikilvægar, en ógerlegt er að taka þær hér upp.

Kjördæmi (hluti kjördæmis)	Fjöldi þátt- takenda	Fjöldi floks- manna	Hundraðs- hluti þátt- takenda af flokksmönnum	Atkvæði við kosn- ingarnar 1952	Hundraðs- hluti þátttak- enda af kjósend- um
Stokkhólmur	3.692	17.327	21,3	78.559	4,7
Jönköpings-lén	959	5.542	17,3	21.343	4,5
Kalmar	122	923	13,2	3.559	3,4
Malmöy	um 700	4.429	um 16	30.000	2 - 3
Hälsingborg	um 500	2.480	um 20	9.501	5 - 6
Hallands-lén	um 1.000	3.506	um 29	12.348	um 8
Gautaborg	916	3.942	23,2	22.039	4,2
S-Ålvsborg	1.024	7.341	13,9	23.272	4,4
Västermanslands- lén	329	3.752	8,8	8.468	3,9
Kopparbergs-lén	384	3.354	11,4	13.672	2,8
Gävleborgs-lén	276	4.113	6,7	10.967	2,5

Sköld gerir mun á prófkjörum eins og þeim, sem nú hefur verið lýst, og því, sem hann kallar atkvæðagreiðslur innan flokksfélaga. Þeirri aðferð við framboð lýsir hann almennt pannig, að þá séu frumtillögurnar sendar félögum innan viðkomandi flokks til meðferðar á sérstökum fundum. Á þessum fundum eru kosnir menn, sem félagið vill mæla með í framboð. Við útreikning á fylgi manna er síðan farið eftir ákveðnum reglum, og nefnir Sköld þar einkum þá aðferð að taka tillit til stærðar félagsins. Hér eru það þess vegna ekki einstaklingar innan flokkanna, sem taka þátt í prófkjöri, heldur er um að ræða eins konar prófkjör meðal félagasamtaka í flokknum. Sköld telur, að í um það bil fjórðungi kjördæma hafi í Hægri flokknum verið notuð á árinu 1952 aðferð, sem var lík því, er nú hefur verið lýst. Við nánari athugun á þeim upplýsingum, sem er að finna í bók hans, kemur fram: Oftast var í þessum kjördæmum leitað eftir uppástungum með svipuðum hætti og áður er lýst. Síðan sendu kjördæmisstjórnir flokksfélögunum í kjördæminu nafnalista, og að því búnu var efnt til félagsfundar og þar gengið frá meðmælum félagsins. Voru stundum settar reglur um það af kjördæmisstjórninni, hve mörgum nöfnum mætti mæla með. Ekki verður séð, að við útreikninga á úrslitum hafi í Hægri flokknum verið byggt á því, hversu margir voru í því félagi, sem sent hafði meðmælin, er til athugunar voru, þó að Sköld nefni það sem einkenni á þessari aðferð. Þess skal getið, að í einu kjördæmi voru atkvæði (meðmæli) frá öllum félögum metin jafngild án tillits til stærðar, og fékk hvert nafn stig eftir því, hvar í röð það var nefnt á hverjum lista. Í öðru kjördæmi var umreiknað eftir atkvæðafjölda flokksins við landsþingskosningarnar 1950. Annars liggja ekki fyrir upplýsingar um betta mikilvæga atriði. - Sköld telur líklegt, að þátttaka í félagsfundum, sem fjölluðu um framboðin, hafi verið svipuð og í prófkjörum, en hann telur ljóst, að atkvæði hafi dreifzt meira á einstaklinga, þar sem fundahöld voru en prófkjör.

Í 12 af 28 kjördæmum voru hvorki prófkjör eða atkvæðagreiðslur á félagsfundum í Hægri flokknum fyrir kosningarnar 1952. Oftast var þó um einhvers konar uppástungur að ræða, en meðferðin á þeim var með ýmsum hætti. Þykir ekki vera ástæða til að lengja þessa frásögn með endursögn á upplýsingum um betta atriði, þar sem hér er einkum leitað eftir upplýsingum um prófkjör.

Prófkjör og atkvæðagreiðslur á félagsfundum voru hvergi bindandi í Hægri flokknum 1952. Þó voru reglurnar í einu mikilvægu kjördæmi pannig, að mjög mikið þurfti til að koma, svo að unnt væri að víkja frá niðurstöðum prófkjörsins, og var það ekki gert. Í þessu kjördæmi eru 4 borgir í Suður-Svíþjóð, þ.á.m. Málmeys. Í um 20 kjördæmum var gengið frá framboðum á kjördæmapingum, þar sem fyrst og fremst voru fulltrúar flokksfélaga, auk stjórnarmanna í kjördæmisstjórnnum. Viða áttu þó einstakir flokksmenn rétt til að sitja á kjördæmapingunum og greiða atkvæði. Reglurnar um atkvæðagreiðslurnar voru þá yfirleitt á þann veg, að atkvæði hinna kjörnu fulltrúa voru umreiknuð eftir félagsmannafjölda eða fylgi flokksins á félagssvæðinu. Ef einstaklingar, er ekki voru kjörnir fulltrúar, greiddu atkvæði, var það dregið frá hinni umreiknuðu atkvæðatölu þess félags, sem viðkomandi maður var í.

Eftir reglum þeim, sem giltu í flestum kjördæmum, var kjördæmisstjórnnum Hægri flokksins heimilt að gera breytingar á listum þeim, sem samþykktir voru á kjördæmisþingunum, en oftast var áskilid, að um minni háttar breytingar væri að ræða. Í nokkrum kjördæmum, þ.á.m. Stokkhólmi og Gautaborg giltu sérstakar reglur, og voru það þá fulltrúaráðsfundir eða kjördæmisstjórnarfundir, sem gengu frá listunum.

Þó að segja megi, að úrslit prófkjöra og atkvæðagreiðslna á félagsfundum hafi ráðið í meginatriðum skipun framboðslista Hægri flokksins 1952 í þeim kjördæmum, þar sem þessar aðferðir voru notaðar, voru þess þó mörg dæmi, að breytingar væru gerðar. Stundum leiddu þær til þess, að menn voru kjörnir á þing, sem alls

ekki voru á listum í prófkjöri eða fengu þar lítið fylgi. Þá var algengt, að breytingar væru gerðar á listum varðandi vonlaus sæti. Við athugun á þessu verður að taka tillit til þess, að skv. sœnskum kosningalögum er unnt að bjóða fram í sama kjördæmi fleiri en einn lista sama flokks. Það hefur ekki áhrif á, hve marga menn flokkurinn fær í kjördæminu, en getur hins vegar skipt miklu um, hvaða menn eru kjörnir fyrir flokkinn. Þessi heimild var oft notuð 1952, og komu alls fram 107 listar Hægri flokksins, þó að kjördæmin væru sem fyrr segir ekki nema 28. Sami maður var oft á fleiri listum en einum.

Bænda flokkurinn (nú Miðflokkurinn)

Arið 1947 voru reglur um framboð teknar upp í hinum almennu skipulagsreglur sœnska Bændaflokksins. Meginreglan er sú að beita skal aðferð þeirri, sem hér að framan er kölluð "Atkvæðagreiðslur innan flokksfélaga". Á ársþingum kjördæmismamtaka flokksins, þar sem einungis kjörnir fulltrúar höfðu atkvæðisrétt, skyldi gengið frá uppástungum um frambjóðendur, en síðan senda þær flokksfélögnum til umsagnar. Einnig átti að senda þær félögum kvenna og æskumannu, en þessi félög töldust ekki vera innan vébanda flokksins, og hafði Bændaflokkurinn sérstöðu að þessu leyti. Úrslit þessarar álítsumleitunar átti að umreikna eftir vissum reglum, þar sem m.a. sagði, að tekið skyldi tillit til þess, hvar í röð menn væru nefndir og hversu margir félagsmenn væru í viðkomandi félagi. Einnig sagði í reglum þessum, að álit æskulýðsfélags skyldi metið aðeins að hálfu á við álit flokksfélaga og kvenfélaga. Var þetta byggt á því, að í æskulýðsfélögnum væri um helmingur félagsmanna ekki búinn að öðlast atkvæðisrétt við þingkosningar. Endanleg ákvörðun um skipun framboðslista skyldi skv. þessum reglum Bændaflokksins taka á sérstöku kjördæmisþingi. Félögin, sem fyrr eru nefnd, kusu fulltrúa á þessi þing eftir félagatölu, þó þannig að æskulýðsfélögin höfðu helmingi færri fulltrúa að tiltölu en hin félögin. Um eiginleg prófkjör var ekki að ræða í Bændaflokknum eftir skipulagsreglunum frá 1947. Hins vegar er svo að sjá, sem flokksfélögin hafi yfirleitt haldið fundi til að ræða um framboð. Arið 1952 tóku 2.717 af 3.774 félögum afstöðu til uppástungna um frambjóðendur á fundum, eða 72%. Hér eru bæði kven- og æskulýðsfélög talin með.

Pjóðflokkurinn

Mjög mismunandi reglur voru notaðar við framboð á vegum Pjóðflokksins 1948 og 1952, en engin ákvæði voru um þessi efni í skipulagsreglum hans. Í kosningunum 1948 voru prófkjör í 4 kjördæmum, en 1952 í 5 kjördæmum. Ekki var prófkjör nema í einu kjördæmi bæði árin. - Við prófkjörið í Stokkhólmi 1952 var sendur út kjörseðill, og á hann hafði stjórn viðkomandi samtaka raðað 16 nöfnum, en ein lína var auð. Á sérstöku blaði voru í stafrófsröð nöfn þeirra 32 manna, sem uppástungur höfðu borizt um. Mönum var frjálst að strika út nöfn á kjörseðlinum og bæta á hann nýjum nöfnum, svo og breyta röðinni. Talsvert varð þó fyrir því að hafa og var ekki nóg að skrifa tölustaf framan við nafnið, heldur varð að strika alveg út það nafn, sem á kjörseðlinum stóð í viðkomandi sæti og skrifa fyrir ofan það nafnið, sem þáttakandinn í prófkjörinu vildi hafa þar í staðinn. Til að auðvelda þetta voru línubil höfð með stærra móti.

Ekki máttu vera nema 17 nöfn á seðlinum og væru fleiri, skyldi meta þau, er neðar voru en í 17. línu, sem óskráð. Útreikningur á úrslitum skyldi fara þannig fram, að maðurinn í efsta sæti seðilsins fengi 17 stig, sá í öðru sæti 16 stig o.s.frv. Meirihluti þeirra, sem tóku þátt í prófkjörinu, féllst á lista stjórnar flokkssamtakanna óbreyttan. Þáttakendur voru 578 af 4.918 meðlimum flokksamtakanna eða 11,8%. Af þeim 578 seðlum, sem bárust, voru þó 142 lýstir ógildir, flestir af því að þeir bárust of seint, en skila-frestur var rúmlega vika. Þá voru margir seðlar lýstir ógildir, af því að ekki hafði verið ritað nafn sendanda á ytra umslag, en seðlunum höfðu fylgt tvö umslög. Aðferðin, sem hér er lýst, er næsta

sérstæð, og var hún ekki notuð af öðrum samtökum í Þjóðflokknum. Hún er nefnd sem dæmi um, hve margvislegar aðferðir menn nota við prófkjör.

Sósíaldemókratar

Í flokki Sósíaldemókrata hafa verið settar reglur um kosningar til þings og sveitastjórna. Þær voru áður í hinum almennu skipulagsreglum flokksins, en voru síðan teknar út úr þeim, og voru þá settar sérstakar reglur um þetta atriði. Samkvæmt þeim reglum frá 1940, sem í gildi voru við þingkosningaundirbúninginn 1948 og 1952, skyldi auglýst eftir uppástungum um frambjóðendur og veita ákveðinn frest til að skila þeim. Stjórn samtaka, sem jafna má til kjördæmasamtaka, skyldi síðan fjalla um uppástungurnar og láta í ljós álit sitt á þeim. Að því búnu skyldi boða til ráðstefnu. Þar áttu sæti kjördæmisstjórnir, stjórnir í héraðasamtökum innan kjördæmanna og fulltrúar frá flokksfélögunum. Flokksfélög sósíaldemókrata nefnast verkamannakommúnur (arbetarekommuner), og er aðalreglan sú, að aðeins eitt slíkt félag megi starfa á sama svæði, en félagsmenn í aðskulýðs- og kvenfélögum og oft í verklýðsfélögum, eru af sjálfu sér félagsmenn í kommúnunni. Ráðstefna sú, sem nefnd var, hefur samkvæmt reglunum frá 1940 heimild til að ganga endanlega frá framboðslistanum, en hún getur einnig ákveðið, að prófkjör skuli fara fram. Einning er skyldt að efna til prófkjörs, ef fjórði hluti þeirra, sem ráðstefnuna sitja, krefjast þess. Þeir mega taka þátt í prófkjöri, sem orðnir eru 18 ára og hafa verið flokksmenn í a.m.k. 6 mánuði. Þess er að geta, að skv. flokksreglunum getur regluglegt kjördæmisþing gengið frá framboðslista að vissum skilyrðum uppfylltum, og kemur þá ekki til ráðstefnu þeirrar, sem hér var frá sagt.

Fram til 1940 hafði verið skyldt að efna til prófkjörs í flokki Sósíaldemókrata um framboð við almennar þingkosningar. Frá þessu var horfið, sennilega aðallega vegna þess, að óparft þótti að hafa prófkjör í kjördæmum, þar sem enginn ágreiningur hafði komið fram á kjördæmaþingum. Við kosningarnar 1944 var prófkjör í um helmingi kjördæma, 1948 í 13 og 1952 í 6 kjördæmum, en að auki virðist hafa verið prófkjör í einum kjördæmishluta hvort árið.

Sósíaldemókratar hafa ekki sett nánari almennar reglur um prófkjör fyrir þingkosningar - eða höfðu a.m.k. ekki gert það fyrir kosningarnar 1948 og 1952, sem hér er sagt frá eftir riti Lars Skölds. Hins vegar voru á þessum árum í gildi í floknum nákvæmar reglur um prófkjör fyrir sveitarstjórnarkosningar, sem að vísu munu ekki hafa verið bindandi. Í raun mun þeim þó oftast hafa verið fylgt, ekki aðeins í sveitarstjórnarkosningum, heldur og við prófkjör fyrir þingkosningar. Meginatriði þessar reglna skulu nefnd hér.

Stjórn viðkomandi flokkssamtaka skal fyrst snúa sér til fulltrúa flokksins í þeim trúnaðarstöðum, sem kjósa á í, og spryrjast fyrir um, hvort þeir óski eftir endurkjöri. Ef þeir gera það ekki, skulu þeir tilkynna það skriflega. Þá skal gefa flokksmönnum kost á að bera fram uppástungur, en einnig er heimilt að bera uppástungur fram á flokksfundum. Þegar lokið er fresti til að bera fram uppástungur, skal stjórn viðkomandi flokkssamtaka fjalla um málið, og síðan sérstakur fundur, sbr. það, er áður sagði um kjördæmaráðstefnur. Ef til prófkjörs kemur, skal gera úr garði kjörseðil og raða frambjóðendaefnum þar í þá röð, sem ákveðið er á ráðstefnunni. Þátttakendur í prófkjöri mega skila kjörseðlinum án þess að skrifa nokkuð á hann, og telst hann þá samþykktur óbreyttur. Ella verður að skrifa tölustaf við nöfn frambjóðendaefnanna. Skrifa má á seðilinn nöfn manna, sem ekki hafa verið teknir á seðilinn, en þó aðeins manna, sem stungið hafði verið upp á, meðan það var unnt. Setja verður tölustaf við jafnmarga og vera eiga á framboðslistanum, ella er seðillinn ógildur. Ef ráðstefnan hefur ákveðið að raða mönnum á seðilinn í stafrófsröð, er hann ógildur, ef ekki eru

settar tölur við jafnmarga og vera eiga í framboði. Í þessum reglum Sósialdemókrata er tekið fram, að ekki skuli nota punkta-kerfi við útreikning á úrslitum í prófkjörum. Þess í stað skal reikna út sérstaklega atkvæði í hvert sæti á listanum. Sá maður fær atkvæði í tiltekið sæti, sem á atkvæðaseðli er í því sæti eða í sæti ofar á listanum, sem hann hefur ekki náð vali í. Enginn er rétt valinn í sæti, nema hann fái helming atkvæða, b.e. hreinan meirihluta. Ef enginn fær súlan meirihluta, á að kjósa aftur milli þeirra, sem flest atkvæði hafa, þó ekki fleiri en tveggja á hvert óskipað sæti. Prófkjör er bindandi, ef það fer fram eftir þessum reglum.

Til fróðleiks skal þess getið, að umræður urðu á landsfundi Sósialdemókrata árið 1940 um það, hvort heimilt skyldi vera að greiða færri mönnum atkvæði en vera ættu í framboði. Flokksstjórnin lagði til, að seðill skyldi vera ógildur, ef þar væri ekki tekin afstaða til jafnmargra nafna og tilnefna ætti á lista. Hún taldi, að önnur regla byði upp á klíkuskap og uppreisnir innan flokksins. Gegn þessu var því haldið fram, að ekki væri eðlilegt að skylda flokksmenn til að greiða atkvæði mönnum, sem þeir bekktu ekkert til. Einnig var talið eðlilegt, að minnihlutahóðar gætu aukið áhrif sín með því að sameinast um fá nöfn. Stefna flokksstjórnarinnar sigraði.

Um framkvæmd prófkjöra í Sósialdemókrata-flokknum skal þess getið, að atkvæðaseðlar eru ekki sendir flokksmönnum beint, heldur senda kjördæmasamtök, sem gangast fyrir prófkjörinu, seðlana til verkamannakommúnanna. Þessi flokksfélög efna síðan oft til funda, og í litlum félögum mun oft haft prófkjör á fundunum. Í stórum félögum sýnist prófkjörið stundum fara fram þeirri á fundi þessum og síðan á kjörstað. Stundum er aðeins kosið á kjörstað, í stórborgum þó á fleiri stöðum en einum. Venjulega mun súlt prófkjör standa yfir í 2 daga.

Lars Sköld segir, að í Sósialdemókrata-flokknum sé langal-gengast, að tillögur þer, sem kjördæmaráðstefnur gera um lista og sem síðar eru lagðar fram við prófkjör, séu samþykktar óbreyttar. Á árunum 1948 og 1952 voru gerðar tvær breytingar á listum í prófkjörum, en þau voru í 21 kjördæmi. Breytingar, sem gerðar eru, varða oft nöfn neðarlega á listum.

Sköld nefnir ýmsar tölur um þátttöku í prófkjörum í þessum flokki. Af þeim kemur fram, að hún var næsta misjöfn, allt frá 0,8% af flokksmönnum upp í 43,3%. Við þetta er ýmislegt að athuga, og er ekki unnt að rekja það hér. Þó verður að nefna, að menn geta verið í Sósialdemókrata-flokknum í Svíþjóð á þann hátt, að stéttarfélag þeirra hafi sem heild gengið í flokkinni. Um 90% af flokksmönnum í stórborgunum munu vera það með þessum hætti. Ef aðeins er reiknað með þeim, sem persónulega hafa gerzt flokksmenn, er þátttaka mun meiri í prófkjörum en sé reiknað með öllum flokksmönnum.

Nefnd sú, sem vann að tillögum um ný stjórnloð fyrir Svíþjóð og ráðið hafði Lars Sköld til að taka saman bók þá, sem hér er stuðzt við, tók niðurstöður hans til athugunar. Í álitsgerð nefndarinnar segir, að reynslan frá öðrum löndum og rannsóknir Sköld's leiði ekki til þeirrar ályktunar, að aðskilegt sé að setja lagareglur um framboð. Að sönnu geti það virzt ófullnægjandi, að óflokkusbundið fólk hafi ekki tækifæri til að taka þátt í að ákveða framboðslista, en reynslan frá Bandaríkjunum sýni, hversu erfitt sé að ráða bót á því. Þá segir á álitsgerð stjórnarskrárnefndarinnar, að í Svíþjóð sé þátttaka í prófkjörum bundin við fámenna áhugamannahópa innan flokanna, og telur nefndin, að svo myndi áfram vera, þó að lagaákvæði væru sett um prófkjör. Af þessu ályktar nefndin, að lagaákvæði, er fyrirskipa prófkjör, gætu leitt til þess, að þessir hópar fengju áhrif, sem í raun fælu í sér minni áhrif almennings á framboðslista en ella. Þá segir í nefndarálitinu, að ekki hafi komið fram veruleg óánægja með þær aðferðir, sem

notaðar hafi verið í Svíþjóð við framboð. Taldi nefndin sér ekki fært að bera fram tillögur um nýja stefnu í þessu máli, en tók fram, að ný viðhorf muni án efa koma fram og endurbætur verða gerðar í lýðræðisanda. Lætur nefndin svo við það sitja að taka fram, að hún muni hafa frumkvæði að frekari athugunum málsins í samvinnu við stjórnmálauflokkana.

PÝZKA SAMBANDSLÝÐVELDIÐ

Í stjórnarskrá Pýzka sambandslýðveldisins (Vestur-Pýzkalands) frá 1949, 21. grein, eru ákvæði um stjórnmálauflokk. Þeir eiga hlut að mótnum þjóðarviljans, eins og segir í upphafi greinarinnar, og mönnum er frjálst að stofna stjórnmálauflokk. Skipulag þeirra verður að vera lýðræðislegt, og þeir verða að gera opinberlega grein fyrir því, hvaðan þeir fá tekjur. Þí er lagt bann við starfsemi ólyðræðislegra flokka, og loks segir, að nánari reglur um þessi efni skuli sett í lögum. Þau lög voru lengi í smíðum, en voru loks samþykkt 1967. Í 17. grein þeirra laga er stutt ákvæði um framboð. Segir þar, að um þau skuli taka ákvörðun í leynilegri atkvæðagreiðslu, en um þau fari að öðru leyti eftir kosningalögum ríkisins og skipulagsreglum stjórnmálauflokkanna.

Kosningalögin í Vestur-Pýzkalandi eru frá 1956, en breytingar hafa nokkrum sinnum verið gerðar á þeim síðar. Í 22. grein laga þessara segir, að frambjóðandi stjórnmálauflokks í einmenningskjörðæmi geti sá einn verið, sem til þess hefur verið valinn í leynilegri atkvæðagreiðslu meðal flokksmanna í viðkomandi kjördæmi eða á fundi fulltrúa, sem flokksmenn í kjördæminu hafa valið úr sínum röðum. Í einmenningskjörðæmum hefur formaður flokkssamtakanna í fylkinu (land), eða annar aðili skv. flokksreglum í hans stað, eins konar frestandi neitunarvald, og felst í því, að hann getur neitað að samþykka framboð tiltekins manns og látið kjósa aftur með sama hætti og áður. Síðari atkvæðagreiðslan er jafnan endanlega bindandi. Nánari reglur um þessi efni skulu flokkarnir sjálfir setja, en skýrsla um það, hvernig framboð var ákveðið, skal fylgja framboðinu, þegar það er lagt fram. Eru nokkur nánari ákvæði um það í lögunum, hvað skuli taka fram í skýrzlu þessari. - Reglurnar, sem hér hafa verið raktar, gilda einnig skv. 28. grein kosningalaganna um fylkislista, þó ekki ákvæðið um frestandi neitunarvald.

Því miður hafa ekki fengist frekari upplýsingar frá Vestur-Pýzkalandi.

BRETTLAND

Í brezka íhaldsflokknum velja kjördæmafélög frambjóðendur, og mun það oftast gert löngu áður en kosningar fara fram, svo að unnt sé að kynna frambjóðendurna og hafa þá til taks, ef skyndilega er boðað til kosninga. Oftast mun þannig að farið, að stjórnfélagsins skipar menn í kjörnefnd. Nefndin hefur samband við aðalskrifstofu flokksins, en einn af varaformönnum hans hefur umsjón með þessum þætti í starfi hans. Einig er sérstök flokksnefnd starfandi, sem á að veita upplýsingar um menn, sem teljast vel fallnir til framboðs. Þá mun og allalgengt, að menn, sem hafa hug á að vera í kjöri til þings, snúa sér hálfopinberlega til kjörnefndarinnar. Þegar þessum undirbúningi er lokið, velur kjörnefndin venjulega 7 - 8 menn og ræðir við þá, en mælir síðan með frekari viðræðum við nokkra þeirra, oft fjóra. Þessir menn koma síðan á fund félagsstjórnarinnar, halda þar ræður og svara fyrirspurnum. Að því búnu eru greidd atkvæði í stjórninni, og ekki hætt, fyrr en einhvermannanna hefur fengið hreinan meiri hluta. Að lokum er niðurstaða félagsstjórnarinnar lögð fyrir félagsfund, og einnig þarf nefnd sú, er starfar á vegum flokksins og fyrr var nefnd, að samþykka frambjóðandann. Ella fær hann ekki stuðning frá flokknun með þeim hætti, sem tíðkaður er, t.d. ekki senda ræðumenn sér til trausts og halda o.s.frv. - Þess skal getið, að einhverjar tilraunir munu hafa verið gerðar í íhaldsflokknum til að finna um hugsanlega frambjóðendur og hafa jafnan tiltæka skrá

nýjar leiðir til að ganga frá framboðum. M.a. vakti það allmikla athygli fyrir nokkru, er framboð var ákveðið á opinberum fundi, þar sem frambjóðendaefni komu fram og voru kynntir. Var allt snið á fundi þessum mótað af fyrirmyndum frá Bandaríkjum.

Í Verkamannaflokknum brezka eru reglurnar í aðalatriðum svipaðar og í íhaldsflokknum. Þó þarf aðalstjórn flokksins skilyrðislaust að samþykja framboð og ákvörðunin í kjördæminu er tekin á fundi, sem skipaður er kjörnum fulltrúum og sem ekki er opinn öllum flokksmönnum. Skipulagsreglur Verkamannaflokksins eru mun nákvæmari en samsvarandi reglur í íhaldsflokknum og aginn í flokknum miklu strangari.

Ekki verður séð, að í Bretlandi séu lagareglur um framboð.

BANDARÍKIN

Í Bandaríkjum hefur ailt frá því að þau voru stofnuð verið gerður glöggur munur á tilnefningu og skipun eða kjöri. Þetta skipti fyrst einkum máli við mannaval í embætti en síðar við val manna sem pólitískra fulltrúa. Í upphafi 19. aldar voru flokksfundir (caucuses) yfirleitt ráðandi um tilnefningu frambjóðenda. Fundi þessa sátu oft flokksmenn í opinberum trúnaðarstöðum og fleiri flokksforingjar. Þar sem þetta þótti ekki gefa minnihlut-aðilum nægilega aðstöðu til áhrifa, var um 1830 tekið að halda ráðstefnur (conventions) til að velja frambjóðendur. Reynslan af þessum ráðstefnum þótti ekki góð, einkum vegna þess, að flokksforingjar og flokksvélar höfðu viða náð tökum á þeim. Til að bæta úr göllunum, sem fram þóttu komnir, var tekið að efna til forkosninga (primaries). Um forkosningar af einhverju tagi munu nú vera lagareglur í um 45 ríkjum í Bandaríkjum, en mjög eru þær ólíkar að efni. Til dæmis eru forkosningar vegna forsetakosninga í innan við 20 ríkjum. Reglurnar um forkosningar voru settar í flestum ríkjum frá um 1890 til um 1915.

Gerður er greinarmunur á opnum og lokuðum forkosningum (open primaries, closed primaries). Í opnum forkosningum getur kjósandi komið á kjörstað og óskað eftir því að fá kjörseðil hvaða flokks sem er. Með þessu móti geta menn haft áhrif á tilnefningu frambjóðanda í andstæðingaflokki sínum, og eru dæmi sliks. Í lokuðum forkosningum eiga menn þess aðeins kost að fá kjörseðil fyrir þann flokk, sem þeir teljast til. Venjulega burfa þeir þá fyrirfram að hafa skráð sig í þann flokk, og er sú skráning á vegum hins opinbera. Til eru einnig óflokkusbundnar forkosningar (non-partisan primaries), og er þá ekki um að ræða tilnefningu frambjóðenda fyrir neinn flokk, heldur tilnefningu einstaklinga eingöngu. Þeir einstaklingar, sem fá flest atkvæði í þessum forkosningum, verða í kjöri, og virðist svo sem flokkarnir lýsi eftir að afstöðu til þeirra.

Astæða er til að leggja áherzlu á, að hér er um að ræða lögbundnar reglur í hinum einstöku ríkjum, og fara forkosningarnar yfirleitt fram á vegum hins opinbera.

Helzu heimildir:

Nominasjon ved stortingsvalg - eftir Tim Greve, Bergen 1953

Nominasjonen ved stortingsvalg ... - eftir Henry Valen, tímarskriftsgrein, upphaflega birt í Statsøkonomisk Tidsskrift nr. 2/1956, endurbirt í Politiske valg i Norge, Oslo 1966.

Political Parties in Norway - eftir Henry Valen og Daniel Katz, Oslo 1964.

Kandidatnominering vid andrakammarval - eftir Lars Sköld, Statens offentliga utredningar 1958:6, Författningsut-

redningen : I, Stokkhólmi 1958.

Sveriges statsskick, Del 2. Motiv, - Statens offentliga utredningar 1963:17, Författningsutredningen : VI, Stokkhólmi 1963.

Organisationer . Beslutsteknik . Valsystem - Statens offentliga utredningar 1961:21, Författningsutredningen:V, Stokkhólmi 1961 (um Vestur-Pýzkaland).

Gesetz über die politischen Parteien (parteiengesetz) vom 24. Juli 1967

The Federal Electoral Law o 7th May 1956 (ensk þýðing), Köln 1965.

British Political Parties eftir Robert McKenzie, London 1964

The American System of Government eftir J.H.Ferguson og D.E. McHenry, new York ... 1953.

Tekið saman í september og október 1969 fyrir miðstjórn Sjálfstæðisflokkins

Þór Vilhjálmsson